

Meðan þessi ákvæði eru í gildi, gilda fyrir þau hin sömu sektarákvæði, **99**
sem fyrir brot á heilbrigðissamþykkt þessari. **4. ágúst**

XIII. Um sektir o. fl.

37. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð.

Ef heilbrigðisnefndin kýs heldur að vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, og síðan taka hann lögtaki hjá þeim sem sekur er.

38. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1908.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands 4. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

100
4. ágúst

um

atkvæðagreiðslu um aðflutningsbann gegn áfengi.

Samkvæmt þingsályktun neðri deildar alþingis 1905 um aðflutningsbann gegn áfengi er skipað svo fyrir, að jafnhliða alþingiskosningunum 10. septbr. þ. á. skuli framfara almenn atkvæðagreiðsla alþingiskjösenda um það, hvort lögleiða skuli bann gegn aðflutningi áfengra drykkja. Atkvæðagreiðsla þessi skal fara fram svo, sem hjer segir á eftir:

100

1. Í auglýsing þessari eru »kjörseðlar« (»kjörseðill«) haft um kjörseðla þá, 4. ágúst er hafðir eru við kosningar til alþingis, en »atkvæðisseðlar« (»atkvæðisseðill«) um þá atkvæðisseðla, sem hafa skal við atkvæðagreiðslu þá um bann gegn aðflutningi áfengis, sem fyrirskipuð er í auglýsingunni.

2. Á sama tíma, sem yfirkjörstjórnir við alþingiskosningar senda kjörseðlana — eftir miðjan þennan mánuð —, skulu þær og senda undirkjörstjórnnum atkvæðisseðla þá, sem stjórnarráðið hefir gjöra látið til notkunar við atkvæðagreiðsluna um aðflutningsbann gegn áfengi, sendir eru yfirkjörstjórnnum og þannig eru útlítandi:

Aðflutningsbann.	
(Þeir, sem vilja að lögleitt verði bann gegn aðflutningi áfengis, geri kross fyrir framan »Já«, en þeir, sem eru á móti aðflutningsbanni, geri kross fyrir framan »Nei«).	
	Já
	Nei

Skulu yfirkjörstjórnirnar senda undirkjörstjórn hverri jafnmarga atkvæðisseðla sem kjörseðlarnir eru. Atkvæðisseðlar þessir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje audið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið. Utaná umbúðunum skal fyrir utan hina venjulegu áritun standa með skýru lettri: *Aðflutningsbanns-atkvæðisseðlar.*

3. Um leið og oddviti undirkjörstjórnar leggur fram á kjörfundinum 10. septbr. þ. á. kjörseðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, skal hann einnig leggja fram atkvæðisseðla þá, sem hann hefir fengið frá hinni sömu yfirkjörstjórn með öllum hinum sömu ummerkjum, sem hann tók ímóti, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsigli er heilt eða atkvæðisseðlaböggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn undir. Þvínaest opnar oddviti böggullinn og telur atkvæðisseðlana, en meðkjörstjórar telja einnig; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlabögli. Þessa skal geta í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar þar undir.

4. Um leið og oddviti kjörstjórnarinnar fær kjósanda hverjum í hendur kjörseðil, skal hann afhenda kjósandanum einn atkvæðisseðil.

5. Kjósandi tekur síðan atkvæðisseðilinn ásamt kjörseðlinum með sjer **100** inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur og gjörir með blýanti, **4. ágúst** sem þar er fyrir, kross \times í ferhyrninginn fyrir framan »Já« á atkvæðisseðlinum, ef hann vill að lögleitt verði bann gegn aðflutningi áfengis, en fyrir framan »Nei« á seðlinum, ef hann er ámóti aðflutningsbanninu. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn saman, svo að letrið snúi inn, tekur seðilinn aftur með sjer inn að kjörborðinu og stingur honum um leið og kjörseðlinum niður í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

6. Meðkjörstjórnarnir skulu gjöra sjerstakt merki hver á sitt eftirrit af kjörskránni við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt atkvæðisrjettar síns um aðflutningsbannið.

7. Engin merki má á atkvæðisseðilinn gjöra önnur en krossinn við »Já« eða »Nei«, hvorki rispur nje blýantsstryk eða önnur slík einkenni, er gjört geta seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum.

8. Láti kjósandi sjá hvað á atkvæðisseðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt atkvæðismerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur þvínæst vikja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, einnig þingmannaefnin, umboðsmenn þeirra og kjörstjórnarnir. Þá fyrst skal aftur kalla fram kjósendur þá, er atkvæðisseðlar hafa ónýst fyrir, og fá þeim nýja seðla til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

9. Þegar atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti leggja í sterkt umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið, og í annað sterkt umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir, með utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Á hið fyrnefnda umslag skal auk umgetinnar utanáskriftar rita með skýru letri: *Ógildir atkvæðisseðlar* en á hitt: *Afgangs atkvæðisseðlar*. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, er í eru, undirskrifadan af kjörstjórninni. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni. Skýrslu um atkvæðagreiðsuna bæði að þessu og öðru leyti skal bóka í kjörbókina, á öðrum stað en alþingiskosningarathöfnina, og þegar atkvæðagreiðslunni er lokið og alt bókað, skulu kjörstjórnarnir undirskrifa kjörbókina.

10. Þegar búíð er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin innsigla þau með innsigli sínu, og senda síðan til oddvita yfirkjörstjórnar ásamt atkvæðakassanum og kjörbókinni.

100 11. Stórstúku Templara hjer á landi skal leyft að hafa umboðsmann
4. ágúst viðstaddan, er yfirkjörstjórn opnar atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað
kjördæmisins Sje umboðsmaður Stórstúku ekki viðstaddur, skal oddviti kjörstjórn-
ar kveðja til tvo valinkunna menn í hans stað.

12. Nú eru allir bæði atkvæðisseðlarnir og kjörseðlarnir komnir úr atkvæða-
kössum hvers kjördæmis í eitt ílát, og oddviti er farinn að taka þá upp úr því,
og skal þá skilja frá atkvæðisseðlana, -- einn og einn eftir því sem upp kemur úr
ílátinu, — og láta óskoðaða í annað, tómmt, ílát. Skal íláti þessu síðan loka og
það varðveita svo að enginn geti í það komist, fyr en tekið er að telja atkvæðis-
seðlana upp úr því eftir því sem segir hjer á eftir.

13. Þegar alþingiskosningin er um garð gengin, skal kjörstjórnin taka ílát
það, er atkvæðisseðlarnir hafa verið látnir í. Tekur oddviti upp einn og einn
atkvæðisseðil í einu, les upp atkvæðið (Já eða Nei) og rjettir hann jafnótt um-
boðsmanni Stórstúkunnar eða þeim mönnum, sem til hafa verið kvaddir, en með-
kjörstjórnarnir merkja um leið atkvæðin (við Já eða Nei). Komi öllum saman
um, kjörstjórn, umboðsmanni Stórstúku eða tilkvöddum mönnum, að einhver seð-
ill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur milli kjörstjóra um
gildi atkvæðisseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli
kjörstjórnar og umboðsmanns Stórstúku eða hinna tilkvöddu manna um það,
hvort atkvæðisseðill sje gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í 2 sjer-
stök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem
hún telur ógilda. Þá er allir atkvæðisseðlar eru upplesnir, og atkvæðin skráð,
telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanns Stór-
stúku eða tilkvaddra manna, og lýsir hún því síðan, hvernig atkvæði hafi fallið,
hve mörg með og hve mörg móti aðfluttingsbanni.

14. Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal þvinæst lokað með inn-
sigli yfirkjörstjórnar.

15. Yfirkjörstjórn skal bóka í gjörðabók sína það, sem gjörist við at-
kvæðagreiðsluna, undirskrifar síðan gjörðabókina ásamt umboðsmanni Stórstúku
eða tilkvöddum mönnum. Endurrit skal yfirkjörstjórnin svo senda stjórnarráðinu
af gjörðabókinni ásamt ágreiningsseðlunum.

Þetta er hjermeð kunnugt gjört öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut
eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.